

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. marz 1965.

1. gr.

Aftan við samþykktina komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttindi til að gera uppdrætti, skv. 11. gr. samþykktarinnar, hafa þeir einir, sem öðlazzt hafa slík réttindi, er samþykkt þessi tekur gildi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir meðan fram fer sú endurskoðun, sem byggingarnefnd hefur ákveðið, að fram fari á ákvæðum 11. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 73.

17. apríl 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h. f.
nr. 185 9. nóvember 1962.

1. gr.

Við 16. gr. bætist: 4. Fasteignaveðslánum veðdeildar.

2. gr.

21. gr. orðist þannig:

Um veðdeildarlán bankans gilda eftirfarandi ákvæði þessarar gr. og annara gr. reglugerðarinnar eftir því sem við á.

- a. Bankanum er heimilt að veita lán með veði í fasteign og má lánstími vera allt að 10 árum.
- b. Bankastjórnin ákveður fjárhæð veittra lána. Hvert einstakt lán má ekki vera hærra en 50% af virðingarverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í, að viðbættum áhvílandi veðböndum.
- c. Til fjáröflunar fyrir veðdeild er Iðnaðarbankanum heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða á handhafa. Ráðherra ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála að fengnum tillögum bankaráðs.

Bankanum er heimilt að veita lán með öðrum hætti, en að framan greinir, enda sé þess gætt, að slík lán samrýmist eðlilegri bankastarfsemi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 17. apríl 1970.

Jóhann Hafstein.

Arni Þ. Arnason.